

## Breytingartillögur

við frv. til l. um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Utanríkisráðherra skal, að höfðu samráði við ríkisstjórn“ komi: Ríkisstjórnin skal.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Að fengnu samþykki ríkisstjórnar og að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis er ráðherra heimilt að“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, sbr. lög um þingsköp Alþingis, að taka þátt í og.
3. Við 6. gr. Fyrri málslíður orðist svo: Þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert athæfi er heimilt að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála á aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn.
4. Við 9. gr. Orðin „nr. 37/1993“ í lokamálslið falli brott.
5. Við 10. gr.
  - a. Orðin „nr. 19/1940“ í 4. mgr. falli brott.
  - b. Í stað orðanna „skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940“ í 5. mgr. komi: samkvæmt almennum hegningarlögum.
6. Við 11. gr. Orðin „nr. 19/1940“ í 1. mgr. falli brott.